

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Eiríkur Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Björns Halldórssonar f. h. Bjarna Halldórssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. júní 1938.

Nr. 184/1936. **Theódór B. Línal f. h. Jóhanns J. Eyfirðings, Ingvars Péturssonar, Ólafs Pálssonar, Sigurjóns Jónssonar vegna Jóns Andréssonar, Hannesar Halldórssonar og verzlunar Guðmundar Sveinssonar** (Th. B. Línal)

gegn

Bankastjórum Landsbanka Íslands f. h. bankans (Pétur Magnússon).

Farmskirteini tvö útgefin um sama farm til tveggja aðilja. Innheimtuumboð.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1936, krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 35291. 78 eða aðra lægri fjárhæð samkvæmt varakröfum hans og málsútlistun hér fyrir dómi, ásamt 5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð, sem til greina yrði tekin, frá 2. nóvember 1930 eða til vara frá 5. febrúar 1931 til greiðsludags. Enn krefst áfrýjandi þess til vara, að stefndi verði dæmdur til greiðslu svo sem að framan segir, nema því aðeins að Ludvig bankastjóri Kaaber synji fyrir það með

eiði á löglegu varnarþingi, að honum hafi verið kunnugt um það, að h/f Copland var ekki eigandi fisks þess frá Ísafirði, sem mál þetta fjallar um, þegar fulltrúi hlutafélags þessa, Guðmundur Albertsson, fékk Landsbankanum til umráða farmskirteini þau yfir nefndan fisk, sem skipstjórinn á e/s „Kongshaug“ gaf út í Reykjavík þann 5. nóvember 1930.

Svo sem nánar segir í hinum áfrýjaða dómi, seldu umbjóðendur áfrýjanda h/f Copland 1416 pakka af fiski haustið 1930, og var fiskurinn sendur frá Ísafirði 2. nóvember það ár í e/s „Kongshaug“, sem um þær mundir var að taka fisk til flutnings hjá ýmsum kaupunautum h/f Copland hér á landi. Átti skipið fyrst að flytja fiskinn til Reykjavíkur og síðan til Ítalíu. Áður skipið færi frá Ísafirði, gaf skipstjóri þess út farmskirteini um fisksendinguna þaðan, og var h/f Copland talinn sendandi hennar, en með því að hlutafélag þetta átti að greiða fiskinn í Reykjavík, þá varð það að ráði, að útibú Landsbanka Íslands á Ísafirði tók að sér að senda farmskirteinið, ásamt reikningum yfir fiskinn, alls ásamt kostnaði að upphæð kr. 35291.78, til Landsbankans í Reykjavík. Voru skjöl þessi send með bréfi útíbúsins 2. nóvember 1930, þar sem þess var beiðzt, að skjölin yrðu afhent h/f Copland gegn greiðslu reikningsfjárhæðarinnar. Er ekki sannað, að skjölin hafi komið til aðalbankans fyrr en þann 8. nóvember 1930, og hafa þau ekki verið innleyst af téðu hlutafélagi. E/s „Kongshaug“ kom til Reykjavíkur þann 4. s. m. og var búið ferðar sinnar til Genúa þann 5. s. m. Þá var það, að skipstjórinn gerðist til þess, að hvötum Guðmundar Albertssonar, fulltrúa h/f. Copland, að gefa út ný farmskirteini til hlutafélags þessa yfir fisksendinguna frá

Ísafirði, ásamt öðrum farmi skipsins, þrátt fyrir það þótt farmskírteini það, sem skipstjórinn hafði gefið út á Ísafirði, væri honum ekki selt í hendur. Lét e/s „Kongshaug“ síðan úr höfn í Reykjavík að morgni þess 6. s. m. Hin nýju farmskírteini voru fengin Landsbankanum til umráða og ráðstöfunar þann 11. s. m. af Guðmundi Albertssyni. Er ágreiningslaust í málinu, að fiskfarminum hafi verið veitt viðtaka í Ítalíu samkvæmt síðastnefndum farmskírteinum síðast í nóvembermánuði 1930, og að söluandvirði farmsins hafi runnið til Landbankans til greiðslu á lánum hans til h/f Copland.

Í málinu hefir verið um það deilt, hvenær fyrirsvarsmönnum Landsbankans hafi orðið kunnugt misferli það, sem áður er lýst, um útgáfu farmskírteinanna. Ludvig bankastjóri Kaaber telur Guðmund Albertsson hafa tjáð sér þetta fyrst eftir að sýnt var, að Landsbankanum var ekki veitt full bankatrygging fyrir greiðslu farmsins í e/s „Kongshaug“, eins og lofað hafði verið af hálfu h/f Copland. Nú er það sannað í málinu, að ólagið á bankatryggingunni var komið í ljós þann 21. nóvember 1930, því að þá var fiskfulltrúa Helga Guðmundssyni tilkynnt þetta í símskeyti og honum falið að taka ráðstöfun á fiski þeim, er selja átti í Genúa, í sínar hendur. Verður því að telja fullvíst, að téður fyrirsvarsmaður Landsbankans hafi fengið að vita, hvernig málum þessum var háttað eigi síðar en 21. nóvember. Fór nú Helgi Guðmundsson til Genúa, en þangað átti e/s „Kongshaug“ að fara samkvæmt ákvæðum farmskírteinanna. Hafði Helgi síðan umsjá með afhendingu og sölu farmsins. Leitað hefir verið vitnisburðar Helga í máli þessu, og skýrir hann svo frá, að skipstjórinn á „Kongshaug“ hafi tjáð

honum í Genúa, að hann hefði gefið út farmskírteini yfir fisk frá Ísafirði án þess að tilsvarendi eldra farmskírteini væri honum afhent. Með því að fyrirsvarsmenn Landsbankans þannig þekktu atvik málsins áður en að fiskinum var ráðstafað úr e/s Kongshaug“ á Ítalíu, þá leiðir þegar af því, að Landsbankanum var óheimilt samkvæmt ástæðum þeim, sem liggja til grundvallar 170. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914, að slá hendi sinni á fiskinn frá Ísafirði eða andvirði hans, og með því ennfremur, að andvirði fisks þessa rann til Landsbankans, þá verður að telja bankanum lögskyld að endurgreiða það. Endurgreiðsluna verður að miða við verðmæti fisksins, komins til Ítalíu, því ekki er sannað, að fyrirsvarsmenn bankans hafi vitað fyrr en þá um athæfi það, sem drýgt var við útgáfu farmskírteinanna.

Samkvæmt útreikningi áfrýjanda hefir nokkur hluti Ísafjarðarfisksins verið seldur í Genúa fyrir kr. 17446.72
Hinn hluta fisksins kveður áfrýjandi hafa selzt í Neapel og telur andvirði hans — 14318.74

Heildarverð kr. 31765.46

Þessa útreikninga áfrýjanda verður að leggja til grundvallar, með því að rök hafa ekki verið færð fyrir því af hálfu stefnda, að þeir væru rangir. Til frádráttar greindri fjárhæð vill stefndi láta koma kr. 5000.00, sem eigendur e/s „Kongshaug“ hafa greitt áfrýjanda, en þar eð greiðsla þessi mun ekki hafa gert betur en hrökkva fyrir kostnaði við málaferli í Noregi, þá verður frádrátturinn þegar af þeirri ástæðu ekki heimilaður. Upphafsdag vaxta þeirra, sem stefnda ber að greiða, þykir rétt að miða við

5. febrúar 1931, svo sem áfrýjandi krefst til vara, því að telja verður, eins og málið liggur fyrir, að þá hafi andvirðj fisksins verið fært Landsbankanum til tekna. Niðurstaðan verður þannig sú, að stefnda ber að greiða áfrýjanda kr. 31765.46 með 5% ársvöxtum frá 5. febrúar 1931 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 1800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, bankastjórar Landsbanka Íslands f. h. bankans, greiði áfrýjanda, Theódór B. Línal f. h. Jóhanns J. Eyfirðings, Ingvars Péturssonar, Ólafs Pálssonar, Sigurjóns Jónssonar vegna Jóns Andrédssonar, Hannesar Halldórssonar og verzlunar Guðmundar Sveinssonar, kr. 31765.46 með 5% ársvöxtum frá 5. febrúar 1931 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 1800.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. ágúst 1936.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. des. f. á. af Theódór B. Línal hrm., hér í bæ, f. h. Jóhanns J. Eyfirðings, Ingvars Péturssonar, Ólafs Pálssonar, og Sigurjóns Jónssonar vegna Jóns Andrédssonar, og Hannesar Halldórssonar, allra á Ísafirði, og verzlunar Guðmundar Sveinssonar í Hnífsdal gegn stjórnendum Landsbanka Íslands hér í bænum, þeim Magnúsi Sigurðssyni, Ludvig Kaaber og Georg Ólafssyni fyrir hönd bankans, til greiðslu á kr.

35291.78 með 6% ársvöxtum frá 2. nóv. 1930 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að haustið 1930 seldi stefnandinn Jóhann Eyfirðingur h. f. Copland í Reykjavík fisk frá sjálfum sér og meðstefnendum sínum fyrir hina umstefndu upphæð. Var fiskurinn sendur frá Ísafirði 2. nóv. 1930 með e. s. Kongshaug frá Haugasundi, sem h. f. Copland hafði leigt til þess að taka fisk hjá viðskiptavinum sínum á ýmsum höfnum hér við land og flytja hann fyrst til Reykjavíkur og síðan til Miðjarðarhafslandanna. Umrædd fisksending var seld með þeim skilmálum, að greiðsla kaupverðsins færi fram í Landsbankanum hér gegn afhendingu farmskirteina. Áður en skipið lagði af stað frá Ísafirði gaf skipstjóri e. s. Kongshaug út farmskirteini um sendinguna, og í þeim var h. f. Copland talið sendandi fiskjarins. Voru farmskirteinin, ásamt reikningi yfir fisksendinguna, samstundis afhent útibúi Landsbankans á Ísafirði til innheimtu, og fól það skjöl þessi í lokuðu umslagi, utanáskrifuðu til Landsbankans, í umsjá Péturs Hanssonar, er var með skipinu sem trúnaðarmaður h. f. Copland við fisktökuna út um land. Skyldi hann annast bréfið til Reykjavíkur og afhenda það viðtakanda (Landsbankanum) strax og skipið væri þangað komið. E. s. Kongshaug kom hingað til bæjarins 4. nóv. 1930, og fermingu þess var lokið að kvöldi 5. s. m. Gaf skipstjórinn þá út ný farmskirteini yfir allan farminn, sem tekinn hafði verið á höfnum úti um land, án þess að fá Ísafjarðarfarmskirteinin afhent, og sigldi síðan morguninn eftir áleiðis til útlanda. Afhenti fulltrúi h. f. Copland, Guðmundur Albertsson, Landsbankanum nokkrum dögum síðar nýju farmskirteinin, að því er séð verður, að handveði til tryggingar lánum, að upphæð rúmlega 8000 pund, er félagið hafði fengið hjá bankanum í sambandi við skipsfarm þennan. Eftir að reynt hafði verið árangslaust að fá greiðslu hjá kaupanda, h. f. Copland, á Ísafjarðarfarmskirteininum, fékk umboðsmaður seljanda þau afhent hjá Landsbankanum, og höfðuðu þeir síðan mál á hendur eigendum skipsins til greiðslu fiskandvirðisins á þeim grundvelli, að skipstjórinn hefði með því að gefa út nýju farmskirteinin, án þess að fá hin eldri afhent, gert sig sekan um vanrækslu í starfi sínu. Sú vanræksla hans hafi valdið því, að þeir (seljendurnir) hafi ekki fengið fiskandvirðið greitt, en á þessari

vanrækslu skipstjórans hafi skipseigendurnir borið ábyrgð. Hinn 20. des. 1933 féll dómur í málinu í undirrætti í Haugasundi á þá leið, að skipseigendurnir voru sýknaðir. Dómi þessum var skotið til hæstaréttar Noregs, en áður en málinu yrði lokið þar strandaði e. s. Kongshaug og var dæmt óbætandi. Var þar með orðin að engu fullnægjugrundvöllur sá, sem seljendurnir gátu haldið sér að hjá eigendum skipsins. Hættu seljendurnir því við málið, en sátt komst á við skipseigendur á þeim grundvelli, að þeir greiddu kr. 5000.00. Fór sú greiðsla fram 26. febr. f. á., en gerði ekki betur en hrökkva fyrir kostnaði við málaferlin. Meðan á greindri málsókn stóð, héldu seljendurnir opinni leið til málshöfðunar á hendur Landsbankanum út af meðferð umræddra farmskírteina, og nú er mál þetta höfðað til greiðslu andvirðis fiskjar þess, sem þau fjölluðu um.

Stefndir hafa mótmælt öllum kröfum stefnanda í málinu og krafist sýknu af þeim og málskostnaðar í því eftir mati réttarins.

Kröfur sínar á hendur bankanum byggir stefnandi fyrst og fremst á því, að bankinn hafi ekki rækt innheimtuumboð sitt svo vel sem skyldi. Heldur hann því fram, að Pétur Hansson muni hafa skilað bréfinu með Ísafjarðarfarmskírteininum í bankann áður en e. s. Kongshaug lagði af stað til útlanda, og styður hann þessa staðhæfingu sína á framburði árnefnds Péturs Hanssonar um þetta efni. Bankanum hafi því verið í lófa lagið og borið að hindra það, að skipið sigldi héðan, nema farmskírteini væru greidd. Þetta hafi bankinn ekki gert, og hafi seljendurnir því misst umráðaréttinn yfir fiskinum, og þar með möguleikann til þess að fá fiskandvirðið greitt. Jafnframt telur stefnandi, að hafi flutningsmaður farmskírteinanna vanrækt að afhenda þau í bankann áður en skipið var lagt frá landinu, þá beri bankinn ábyrgð á þeirri vanrækslu, því að flutningsmaðurinn beri að skoðast sem trúnaðarmaður bankans að því er bréfburðinn snertir. Stefndir hafa nú haldið því fram, að umrædd farmskírteini hafi ekki komið í bankann fyrr en 8. nóv. 1930, eða eftir að skipið var siglt. Byggja þeir þessa staðhæfingu á því, að á bréfið, sem farmskírteininum fylgdi, sé stimplað, að það sé innkomið í bankann þennan dag, en þeir kveða það fasta

venju, að á öll bréf, sem berast bankanum, sé stimplaður komudagur þeirra.

Gegn mótmælum stefndra hefir stefnanda ekki tekizt að sanna, að Ísafjarðarfarmskirteinin hafi komið fyrr í bankann en þeir halda fram. Verður því ekki til þess ætlaðt af bankanum, að hann gerði neinar ráðstafanir til þess að hindra brottför e. s. Konghaug héðan eftir að skipið var ferðbúið, og hefir hann því ekki gert sig sekan í nokkurri vanrækslu gagnvart seljendum Ísafjarðarfisksins með aðgerðaleysi sinu í þessu efni. Þá verður ekki fallizt á það hjá stefnanda, að bankinn beri ábyrgð á bréfflutningi oftnefnds Péturs Hanssonar. Í málinu er það upplýst, að þegar starfsmaður útibús Landsbankans á Ísafirði afhenti manni þessum bréfið með farmskirteinunum til flutnings, var Jóhann Eyfirðingur, sem kom fram fyrir hönd fiskeigendanna við fisksöluna til h. f. Copland, viðstaddur. Hreyfði hann engum athugasemdum gegn þessari ráðstöfun, og verður hann því að teljast hafa samþykkt hana fyrir sína hönd og með eiganda sinna að fiskinum. Litur rétturinn því svo á, samkvæmt framansögðu, að umrædd sóknarástæða stefnanda hafi ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi reisir stefnandi kröfur sínar á þeim grundvelli, að bankanum hafi hlotið að vera það kunnugt, eða að minnsta kosti átt að vera það kunnugt, þegar hann fékk nýju farmskirteinin yfir farminn í e. s. Kongshaug afhent, að Ísafjarðarskirteinin lögju óinnleyst í bankanum. Jafnframt hafi bankanum átt að vera það ljóst, að Ísafjarðarfiskurinn væri innifalinn í fiskmagni því, sem nýju farmskirteinin hljóðuðu um. Bankinn hafi því ekki getað verið í góðri trú um ráðstöfunarrétt h. f. Copland yfir Ísafjarðarfiskinum, þegar hann fékk nýju farmskirteinin afhent, og hafi hann þessvegna ekki getað öðlazt neinn rétt til andvirðis hans við afhendingu þeirra, en þar sem það hafi runnið inn til bankans, beri honum að skila því.

Mótmæli gegn framangreindri málsástæðu stefnanda reisa stefndir á því, að bankinn hafi fengið nýju farmskirteinin afhent með formlega löglegri heimild þess, sem lét þau af hendi til hans. Við afhendinguna hafi ekki verið minnzt einu orði á Ísafjarðarfiskinn. Það hafi ekki verið fyrr en síðar, að talað hafi verið um það af hálfu h. f. Copland,

að félagið vantaði fé til greiðslu hans. Bankanum hafi ekki borið nein skylda til að rannsaka heimild farmsendara til fisks þess, sem farmskirteini þau, sem hann fékk í hendur, hljóðuðu um, og hafi bankinn því við afhendingu nýju farmskirteinanna öðlazzt fullan rétt yfir þeim og verðmæti því, sem þau fjölluðu um. Og á þetta verður að fallast hjá stefndum. Það er að visu svo, að nýju farmskirteinin voru ekki afhent bankanum fyrr en 11. nóv. 1930, en á þeim tíma átti bankanum að vera það kunnugt, að Ísafjarðarfarmskirteinin lágu þar óinnleyst. Hinsvegar er það ekki sannað gegn mótmælum stefndra, að fulltrúi h. f. Copland hafi minnzt á það við afhendingu farmskirteinanna, að félagið þyrfti að fá peninga hjá bankanum til greiðslu Ísafjarðarskirteinanna. Gat bankinn því við móttöku nýju skirteinanna gengið út frá því, að h. f. Copland ætlaði að greiða Ísafjarðarfiskinn með öðru fé en því, sem fengist fyrir fiskinn samkvæmt nýju farmskirteinunum, og var bankinn því algerlega í góðri trú um ráðstöfunarrétt sinn á öllu andvirði fiskjarins samkvæmt þeim. Það verður heldur ekki séð, að bankanum hafi verið falið að gæta hagsmuna seljenda Ísafjarðarfisksins sérstaklega. Í bréfinu, sem Ísafjarðarfarmskirteinunum fylgdi, er bankinn aðeins beðinn að afhenda h. f. Copland þau gegn greiðslu, en í því eru engin fyrir-mæli um sérstakar innheimturáðstafanir gagnvart félaginu, og telja verður, að bankinn hafi rækt innheimtuumboð sitt sem venja og ástæður lágu til.

Samkvæmt framansögðu hefir því umræddur kröfugrundvöllur stefnanda heldur ekki við rök að styðjast, og ber því að taka sýknukröfu stefndra til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, stjórnendur Landsbanka Íslands, þeir Magnús Sigurðsson, Ludvig Kaaber og Georg Ólafsson, skulu fyrir bankans hönd vera sýknir af kröfum stefnandans, Theódórs B. Lindal f. h. Jóhanns J. Eyfirðings o. fl., í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.